

Þriðjudaginn 4. október 1988.

Nr. 319/1988. **Ákærvaldið**

gegn

Bjarna Sigurðssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 28. september sl., sem barst Hæstarétti 30. s.m. Hann krefst þess aðallega að úrskurðurinn verði felldur úr gildi en til vara að gæsluvarðhaldstíminn verði stytur. Af hálfu ákærvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar er hann staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 27. september 1988.

Ár 1988, þriðjudaginn 27. september er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur gert þá kröfu að Bjarna Sigurðssyni, kt. 18.06.61-2129, atvinnu- og heimilislausum, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 19. október nk. kl. 17:00.

Málavextir:

Laust eftir kl. 01:30 sl. sunnudag var lögreglan í Reykjavík kvödd að húsinu nr. 1 við Sævargarða á Seltjarnarnesi, en þar búa hjón sem komin eru fast að áttæðu.

Skýrði húsráðandi lögreglumönnum frá því að hann hafi vaknað við hávaða og taldi hann að verið væri að brjótast inn í húsið. Hafi hann því gengið í átt að setustofu til þess að hringja í lögreglu, en er hann var rétt ókominn þangað hafi hann komið auga á þrjá grimuklædda menn og hafi einn þeirra slegið hann í höfuðið með staf eða priki. Við þetta hafi hann

sennilega misst meðvitund um hrið því skömmu síðar hafi hann rankað við sér í sófa inni í stofu. Hann hafi þá heyrt hróp frá eiginkonu sinni úr svefnherbergisálmu hússins.

Húsráðandi kvað mennina greinilega hafa verið að leita peninga því þeir hafi stöðugt spurt hvar þeir væru. Menn þessir hefðu verið mjög ógnandi í framkomu.

Eftir því sem næst verður komist höfðu innbrotsmennirnir á burt með sér u.þ.b. kr. 15.-20.000,00 í reiðufé, þrjá gullhringa með steinum í auk nokkurra áfengisflaskna.

Konan var flutt á slysadeild Borgarspítalans þar sem gert var að meiðslum hennar, en hún kvartaði um bakverk og kvaðst auk þess vera hjartasjúklingur. Maðurinn var með mar á hnakka og visifingur hægri handar úr lagi genginn.

Kærði var handtekinn í gærdag eftir að RLR höfðu borist upplýsingar þess efnis að hann kynni að vera viðriðinn mál þetta. Við yfirheyrslur skýrði hann svo frá að hann hefði brotist inn í herbergi í húsi í Eskihlíð þar sem hann kveðst hafa haldið til að undanfögnu. Við þessa yfirheyrslu greindi hann frá því að við innbrotið hafi verið með í för Aðalsteinn Guðlaugur Aðalsteinsson, sem mun halda til í gamla Verslunarskólanum við Grundarstig. Greindi kærði frá því að þeir hefðu verið að aka saman í bifreið fyrir sl. helgi.

Aðalsteinn var því boðaður til skýrslutöku hjá RLR í gær og greindi þar frá samneyti sínu við kærða um síðastliðna helgi. Í skýrslunni greinir Aðalsteinn meðal annars frá ferðum sínum og kærða sl. laugardag. Kemur þar meðal annars fram að síðdegis þennan dag hafi þeir farið ásamt Ásthildi Björku Guðlaugsdóttur og Gústafi Gústafssyni í bifreið Ásthildar vestur á Seltjarnarnes að tilvísan kærða. Hafi hann viljað sýna þeim þar hús sem væri fullt af peningum og skartgripum og einnig væri þar peningaskápur. Frásögn þessa hefur Ásthildur staðfest í öllum aðalatriðum.

Gögn málsins sýna að hús það sem kærði benti á er húsið Sævargarðar 1 á Seltjarnarnesi.

Kærði hefur alfarið neitað að eiga nokkurn hlut að máli þessu. Meðal annars neitar hann með öllu að hafa farið með áðurnefndu fólki vestur á Seltjarnarnes. Hann hefur greint frá ferðum sínum síðastliðið laugardagskvöld og aðfaranótt sunnudagsins, en ekki hefur enn reynst unnt að sannreyna sannleiksgildi þeirrar frásagnar.

Eins og gögn málsins bera með sér er rannsókn þessi enn á frumstigi. Þá þykir fram kominn rökstuddur grunur um að kærði eigi aðild að máli þessu. Með vísan til framanritaðs og skírskotun til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. 1. nr. 74/1974 þykir rétt að taka kröfu RLR um gæsluvarðhald yfir kærða

til greina, þó þannig að kærði sæti eigi lengur gæsluvarðhaldi en til miðvikudagsins 12. október nk. kl. 17:00.

Brot þau sem kærði er hér grunaður um geta varðað fangelsisrefsingu skv. 244. og 252. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Úrskurðarorð:

Kærði, Bjarni Sigurðsson, skal sæta gæsluvarðhaldi, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 12. október nk. kl. 17:00.

Þriðjudaginn 4. október 1988.

Nr. 366/1987. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Skúla Úraniussyni

(Jón Hjaltason hrl.)

Bifreiðar. Manndráp af gáleysi. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason, Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari og Gunnlaugur Briem yfirsakadómari.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 4. desember 1987 og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar.

Ákærði ók hópibifreiðinni V-327 aftur á bak norður Bárugötu (Bárustíg) í Vestmannaeyjum 22. janúar 1984, sem var sunnudagur en ekki fimmtudagur eins og misritast hefur í ákæru. Varð Kristín Þórðardóttir, sem gekk í sömu átt, fyrir bifreiðinni og beið bana. Snjócoma var og skafrenningur og skyggni mjög lélegt. Möguleikar ákærða til að sjá úr öikumannssæti aftur fyrir bifreiðina voru vegna